

**Borgarráð 10. júní 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um uppbyggingu á lóðinni Suðurlandsbraut 34-Ármúli 31 MSS22060104**

Óskað er eftir öllum upplýsingum sem Reykjavíkurborg hefur sem tengjast samningum vegna uppbyggingar á lóðinni Suðurlandsbraut 34/Ármúli 31. Hér má m.a. nefna viljayfirlýsingar og upplýsingar um greiðslu vegna byggingarréttar. Einnig er óskað eftir skráningu Safírs byggingar ehf. og tilkynningu um stofnun þess félags ef það liggur fyrir. Á fundi borgarráðs 5. maí sl. var samþykkt að Orkureitur ehf. tæki við réttindum í stað Reita fasteignafélags hf. Svo er nú rétt rúmur mánuður liðinn og þá er beðið um að Safír byggingar ehf. taki við réttindum í stað Orkureits ehf. Hvers vegna er Orkureitur ehf. að veita öðrum aðila réttindin svona stuttu síðar?